

REYKJAVÍKURBORG
JANÚAR 2025

Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning

Greining með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags-
og starfsáætlunar



Efnisyfirlit

Samantekt	2
Lýsing á verkefninu og greiningunni	3
Kostnaður	3
Gögn	3
Inngangur	4
Kortlagning	5
Matsviðmið	7
Starfsfólk	8
Umsækjendur	8
Niðurstaða	18

Töflur

Tafla 1. Grunnfjárhæð húsnæðisbóta	6
Tafla 2. Skipting starfsheita eftir kynjum og þjónustumiðstöðvum	8
Tafla 3. Skipting nýrra umsókna á árunum 2023-2024 eftir kyni	9
Tafla 4. Fjöldi umsókna eftir kyni og heildarstigafjölda á matskvarða	9
Tafla 5. Fjöldi umsókna eftir kyni og stigafjölda fyrir félagslegt mat	10
Tafla 6. Þjóðerni umsækjenda eftir fjölda	11
Tafla 7. Fjöldi umsókna eftir ríkisfangi, kyni og stigum á félagslegu mati	12
Tafla 8. Fjöldi umsókna eftir ríkisfangi, kyni og stigum á matskvarða	12
Tafla 9. Aldur umsækjenda eftir niðurstöðum matskvarða	13
Tafla 10. Aldur umsækjenda eftir niðurstöðum félagslegs mats	13
Tafla 11. Umsóknir eftir fjölskyldustöðu og matskvarða	14
Tafla 12. Umsóknir eftir fjölskyldustöðu og félagslegu mati	14
Tafla 13. Umsóknir eftir atvinnustöðu og matskvarða	15
Tafla 14. Umsóknir eftir atvinnustöðu og félagslegu mati	16
Tafla 15. Niðurstöður	19
Tafla 16. Aðgerðir	19
Tafla 17. Eftirlit og mat á árangri	19

Samantekt

Matsviðmið í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning var greint af skipulögðum vinnuhóp hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Við greininguna voru notuð tölfræðileg gögn úr málaskrá sviðsins ásamt gögnum úr launakerfi og faglegt mat sérfræðinga sem starfa á sviðinu. Niðurstaða greiningarinnar er sú að framkvæmd matsins stuðlar að jafnrétti kynja og annarra jaðarhópa og samræmist markmiðum þjónustunnar. Hins vegar eru atriði í matsviðmiði sem útiloka stóran hóp umsækjenda vegna þess að þeir uppfylla ekki skilyrði í matsviðmiði. Notendur þjónustunnar teljast allir til jaðarsettra hópa og er kynjahlutfall nokkuð jafnt. Til þess að stuðla betur að jafnrétti þyrfti helst að horfa til þeirra sem uppfylla ekki skilyrði á matsviðmiði og eru af erlendu bergi brotnir. Einhver munur er á milli kynja en hlutfallslega fá fleiri karlar samþykktu umsókn heldur en konur, það er mat vinnuhópsins að sá munur er ekki á grundvelli mismununar út frá kyni. Það er mat hópsins að konur sækja frekar um þegar réttur er ekki til staðar á meðan karlar bíða eftir að þeir eru komnir í meiri neyð áður en sótt er um stuðning.

Helstu niðurstöður:

- **Konur eru með fleiri umsóknir en karlar en þær uppfylla síður matskvarða:** 27% kvenna uppfylltu ekki matskvarða samanborið við 18% karla.
- **Konur eru líklegri en karlar til að uppfylla ekki félagslegt mat:** 8% karla uppfylla ekki félagslegt mat samanborið við 15% kvenna.
- **Hátt hlutfall umsækjenda er með erlent ríkisfang:** 63% umsækjenda voru með íslenskt ríkisfang og 37% með erlent ríkisfang, en um 20% íbúa á Íslandi eru með erlent ríkisfang og er þetta hlutfall því hærra en hlutfall þeirra í þýðinu.
- **Umsækjendur með íslenskt ríkisfang líklegri til að standast bæði matskvarða og félagslegt mat:** 75% af þeim sem eru með íslenskt ríkisfang standast matskvarða samanborið við 57% þeirra sem eru með erlent ríkisfang. Eins standast þeir sem eru með íslenskt ríkisfang félagslegt mat í 82% umsókna en þeir sem eru með erlent ríkisfang í 74% umsókna. Skýringin gæti verið að erlendir ríkisborgarar gætu óttast að umsókn hafi áhrif á umsókn um ríkisborgararétt, en umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur þar engin áhrif.
- **Aldur umsækjenda virðist ekki hafa áhrif á niðurstöðu matsviðmiðs né félagslegt mats:** Nokkuð jöfn dreifing er á þeim umsóknum sem standast mat eftir aldri
- **Einhleypir og einstæðir karlar líklegri til að standast matskvarða:** Einhleypar konur standast matskvarða í 78% umsókna samanborið við 85% karla. Einhleypar mæður standast matskvarða í 75% umsókna samanborið við 84% einhleypra karla. Þau sem eru kynsegin standast matskvarða í 100% tilvika.
- **Einhleypir og einstæðir karlar líklegri til að standast félagslegt mat:** 77% einhleypra karla standast félagslega matið og 69% einhleypra kvenna. Einhleypir feður standast líka félagslegt mat oftar en einhleypar mæður en þar er hlutfallið 68% feðra og 59% mæðra.

Lýsing á verkefninu og greiningunni

Þjónustupáttur: Sérstakur húsnæðisstuðningur

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Velferðarsvið

Nafn ábyrgðaraðila: Rannveig Einarsdóttir

Greiningaraðilar/teymi: Inga Borg, Margrét Richter, Sigrún Steinsdóttir

Hvenær/greiningartími: Janúar 2023 – október 2024

Kostnaður

Kostnaður þjónustupáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun: 1.750.m. kr.

Tekjur skv. nýjustu fjárhagsáætlun: Þjónustupátturinn sem um ræðir nær aðeins til þess fjárhagsstuðnings sem veittur er til leigjenda sem uppfylla skilyrði samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Engar tekjur eru vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Ríkið endurgreiðir greiðslur vegna erlendra ríkisborgara sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur þar undir en engar aðrar tekjur fást vegna þjónustupáttarins. Fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2024 hefur verið sótt um endurgreiðslu fyrir 369 manns, þar af 57% konur og 41% karlar. Upphæðin sem sótt hefur verið til ríkisins á tímabilinu nemur 67 m.kr. eða um 6% af heildarkostnaði vegna sérstaks húsnæðisstuðnings frá janúar til september 2024.

Hversu stór hluti er verkefnið af fjárhagsáætlun fagsviðs? Samkvæmt nýjustu fjárhagsáætlun nemur áætlun fyrir sérstakan húsnæðisstuðning á árinu 2025 3,7% af heildarramma sviðsins.

Gögn

Hvaða gögnum er safnað/eru til? Gögn eru til í málaskrá velferðarsviðs með upplýsingum um allar umsóknir sem berast vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Einnig eru skoðuð gögn um starfsfólk úr launakerfi. Ekki var farið í frekari gagnaöflun.

Sérstök greining fór fram þar sem að gögnum var aflað úr málaskrárkerfi velferðarsviðs þar sem upplýsingar um kyn, aldur, fjölskyldustöðu, ríkisfang, tekjur, eignir, stigafjölda vegna matsviðmiðs og fleira sem við kemur umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning sem var notað til greiningar.

Ekki talin þörf á að bæta skráningu vegna umsókna. Mjög ítarlegar upplýsingar koma fram í gögnum fengnum úr málaskrárkerfi og því ekki þörf á að bæta skráningu að svo stöddu.

Inngangur

Tilgangur verkefnisins er að greina matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Markmiðið með þeirri vinnu er að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Greina á útgjöld velferðarsviðs í tengslum við matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning út frá kyni og aldri notenda árið 2024 með aðferðafræði KFS. Tilgangurinn er að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna, með það að markmiði að stuðla að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til mismunandi þarfa borgarbúa.

Velferðarsvið fagnar fjölbreytileika og vill að öll geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu og að efla frumkvæði og sjálfstæði borgarbúa og starfsfólks. Velferðarsvið vinnur markvisst gegn fátækt og styrkir fjölskyldur og einstaklinga.

Í þessari greiningu verður matsviðmiðið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning skoðað sérstaklega. Því afmarkast greiningin við þann hluta reglna þjónustupáttarins. Skoðaðir verða umsækjendur með gögnum sem aflað er sérstaklega fyrir þessa greiningu úr málaskrá velferðarsviðs. Þá helst fjölskyldustöðu, aldur, uppruna, kyn og atvinnustöðu umsækjenda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er styrkur umfram húsnæðisbætur sem veittur er á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Sveitarfélög veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við 45. gr. laga um félagsþjónustu nr. 40/1991. Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist samt jafnt hlutfall á móti húsaleigubótum. Einnig er krafa um að leigutaki greiði að lágmarki 50.000 kr. í leigu að húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisbótum fráðregnum. Samanlögð fjárhæð húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings getur ekki verið hærri en 100.000 kr. samanlagt.

Kortlagning

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Til þess að eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi þurfa umsækjendur að uppfylla öll skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

1. Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skal hafa verið staðreyndur.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.
3. Leiguþúsnæði skal vera í Reykjavík nema um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára börn.
4. Staða umsækjanda verður að vera metin að lágmarki til sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið í fylgiskjali með reglum þessum.
5. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annars heimilisfólks 18 ára og eldra, séu undir efri tekjumörkum.
6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 7.745.000 kr.¹

Heimilt er að samþykkja umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning þrátt fyrir að skilyrði um rétt til húsnæðisbóta sé ekki uppfyllt, þegar fyrir liggur að umsækjandi er í húsnæðisleit. Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum. Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 100.000 kr. Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði að lágmarki 50.000 kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir 50.000 kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur. Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Fjöldi heimilis- fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.526.505	9.408.131	627.209	784.011
3	8.811.518	11.014.398	734.293	917.866
4 eða fleiri	9.545.812	11.932.265	795.484	994.355

2

¹ Uppfært 6. mars 2025 í 8.079.000 kr.

² Uppfært 6. mars 2025 með 4,3% hækkun á öllum fjárhæðum

Í þessari greiningu verður liður 4 sérstaklega skoðaður í skilyrðum reglna um sérstakan húsnæðisstuðning um að til þess að öðlast rétt skuli umsækjandi uppfylla þau skilyrði fá að lágmarki til sex stiga á matsviðmiði, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur sem er veittur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Sveitarfélög veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur. Reykjavíkurborg gefur út reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sem byggðar eru á leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmiðið með útgáfu leiðbeinandi reglna er að auka samræmi í opinberum húsnæðisstuðningi. Sé það ákvörðun sveitarstjórnar að víkja frá einhverjum þeirra ákvæða sem kveðin eru í leiðbeinandi reglum skal rökstyðja frávikið þannig að skýra megi út forsendur þess fyrir umsækjendum.

Greiðslur til umsækjenda: Eins og fram kemur hér að framan greiðast sérstakar húsnæðisbætur sem hlutfall af húsnæðisbótum. Fyrir hverjar 1.000 kr. greiddar í húsnæðisbætur greiðast 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning. Fjárhæð húsnæðisbóta ákvarðast eftir fjölda íbúa í húsnæði. Í töflu 1 má sjá grunnfjárhæð húsnæðisbóta sem er hámarksgræiðsla þeirra á mánuði og á ári. Hámarksgræiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings er því takmörkuð við þessar fjárhæðir ásamt því að hámark samanlagðra bóta er 100.000 kr.

Tafla 1. Grunnfjárhæð húsnæðisbóta

Fjöldi íbúa í húsnæði	Á ársgrundvelli	Á mánuði
1	609.504 kr.	50.792 kr.
2	810.641 kr.	67.553 kr.
3	944.732 kr.	78.728 kr.
4	1.023.967 kr.	85.331 kr.
5	1.109.298 kr.	92.442 kr.
6 eða fleiri	1.194.628 kr.	99.552 kr.

Ferill umsókna: Íbúi sækir um rafrænt á mínum síðum Reykjavíkurborgar eða skilar inn undirritaðri umsókn á miðstöð. Umsókn berst af mínum síðum yfir á netfangið VELumsokn@reykjavik.is. Starfsfólk Rafrænnar miðstöðvar áframsendir umsókn á netfang miðstöðvar sem umsækjandi er með lögheimili í eða virkt mál.

Umsókn berst á miðstöð og vinnsla á miðstöð: Þjónustufulltrúi forskráir umsókn í málaskrá og útbýr tímabókun ef umsækjandi er ekki með ráðgjafa. Annars sendir þjónustufulltrúi ábyrgðaraðila máls krækju í gegnum málaskrá. Ráðgjafi boðar umsækjanda í viðtal eða símaviðtal og fyllir í framhaldi út mat í samræmi við matsviðmið í reglum. Húsnæðisfulltrúar eða þjónustufulltrúar fara yfir matið og umsókn metin til stiga og rafræn svarbréf eru send umsækjendum inn á island.is.

Umsókn synjað: Ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði synjar húsnæðisfulltrúi eða þjónustufulltrúi umsókn viðkomandi og sendir rafrænt svarbréf sem fer inn á island.is. Í því bréfi er leiðbeint um áfrýjunarrétt.

Umsókn samþykkt: Ef umsækjandi uppfyllir matsviðmið er hægt að hefja ferli samþykktar umsóknar í Málaskrá og senda svarbréf. Ekki er hægt að staðfesta og samþykkja fyrr en staðfestur útreikningur frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna húsnæðisbóta liggur fyrir.

Lengd samþykktar og endurnýjun: Umsókn er í gildi svo framarlega sem umsækjandi uppfyllir skilyrði reglna um sérstakan húsnæðisstuðning. Ekki þarf að endurnýja umsókn nema ef skipt er um leiguhúsnæði.

Matsviðmið

Matsviðmið fylgir reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Matið er fengið úr leiðbeiningum um framkvæmd sveitarfélaga um sérstakan húsnæðisstuðning sem gefið er út af ráðuneyti. Hér fyrir neðan má sjá matsviðmiðið eins og það leggur sig í reglunum. Þar kemur fram að til þess að umsókn öðlist gildi þarf að lágmarki 6 stig, þar af 2 stig fyrir félagslegar aðstæður.

MATSVIÐMIÐ FYRIR SÉRSTAKAN HÚSNÆÐISSTUÐNING

Staða umsækjanda	Stig
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2
Ellilífeyrisþegi	2
Framfærsla frá miðstöð Reykjavíkurborgar vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2
Húsnæðisstaða	
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er minni en 20% af tekjum heimilisins	0
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 20% af tekjum heimilisins	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 30% af tekjum heimilisins	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Gistir í neyðarathvarfi eða á gistiheimili	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eða húsnæði er sannanlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4
<i>Með húsnæðiskostnaði er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.</i>	
<i>Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.</i>	
Félagslegar aðstæður umsækjanda	
Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá miðstöð Reykjavíkurborgar, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu á miðstöð Reykjavíkurborgar á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur á undanförunum 24 mánuðum.	4
Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá miðstöð Reykjavíkurborgar, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4

Til að umsókn öðlist gildi þarf umsækjandi að fá að lágmarki sex stig, þar af tvö stig fyrir félagslegar aðstæður.

Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn þátt í hverjum flokki

Starfsfólk

Starfsfólk sem kemur að umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning er þvert á velferðarsvið. Þjónustufulltrúar og starfsfólk í rafrænni miðstöð taka á móti rafrænum umsóknum ásamt starfsmönnum miðstöðva sem taka á móti útfylltum umsóknum á miðstöðvum. Þjónustufulltrúar opna mál í málaskrá og útbúa viðtalsbókun. Félagsráðgjafar þvert á deildir sjá um viðtal og gagnaöflun og húsnæðisfulltrúar, þjónustufulltrúar og félagsráðgjafar sjá um að meta umsókn samkvæmt matsviðmiði.

Kynjaskipting starfsfólks: Hér fyrir neðan í töflu 2 má sjá dreifingu þeirra starfsheita á miðstöðvum sem koma að ferlinu og hvernig þau skiptast eftir kyni. Konur eru í miklum meirihluta í öllum starfsheitum. Þau sem fylla út í matið vegna umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning eru félagsráðgjafar og ráðgjafar á miðstöðvum í deildum virkni og ráðgjafar, deild stoðþjónustu og frá barna- og fjölskylduteymi. Á sumum miðstöðvum sjá þjónustufulltrúar um að fylla út í matið. Mikill meirihluti félagsráðgjafa, ráðgjafa og þjónustufulltrúa eru konur. Heildar stöðugildu þessara starfa eru 133,13 stöðugildi og eru konur í 125,69 stöðugildum og karlar í 7,44 stöðugildum miðað við 10. desember 2024.

Tafla 2. Skipting starfsheita eftir kynjum og þjónustumiðstöðvum

	Félagsráðgjafi		Þjónustufulltrúi		Húsnæðisfulltrúi	
	Karl	Kona	Karl	Kona	Karl	Kona
Vesturmiðstöð	1%	32%	0%	26%	0%	33%
Austurmiðstöð	0%	24%	0%	15%	0%	17%
Norðurmiðstöð	1%	17%	2%	23%	17%	17%
Suðurmiðstöð	2%	19%	1%	12%	0%	17%
Rafræn þjónustumiðstöð	1%	4%	6%	14%	0%	0%
Samtals	5%	95%	9%	91%	17%	83%

Umsækjendur

Þau sem sækja um sérstakan húsnæðisstuðning koma allsstaðar að úr samfélaginu. Þau eiga það þó öll sameiginlegt, sem fá umsókn samþykkt að uppfylla skilyrðin á matskvarða. Þar er einnig skilyrði að vera með að minnsta kosti 2 stig fyrir bága félagslega stöðu. Hópurinn samanstendur því mestmegnis af fólki sem er jaðarsett vegna félagslegrar stöðu, lágra tekna og eru á leigumarkaði. Opinber gögn benda til þess að leigjendur séu verr staddir en þau sem búa í eigin húsnæði og að þau upplifi almennt minna húsnæðisöryggi. Leigjendur bera þyngri fjárhagslega byrði vegna húsnæðiskostnaðar og mun hærra hlutfall þeirra býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað samanborið við þau sem eru húsnæðiseigendur³.

Til þess að greina jaðarsetta hópa umsækjenda sérstaks húsnæðisstuðnings þarf því að horfa til hópsins í heild. Sem dæmi eru margir umsækjendur öryrkjar, fatlað fólk, einstaklingar með mikinn og flókinn félagslegan vanda, heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir einstæðir foreldrar og flóttafólk. Hægt væri að segja að allir þessir hópar flokkist sem jaðarsettir í samfélaginu. Þeir eiga allir rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi þar sem þeir uppfylla allflestir

³ *Niðurstöður starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði.* (19. maí 2022). Sótt 22. janúar 2025 af https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Sk%C3%BFrsla_-_19-05-2022.pdf.

skilyrði í matsviðmiði. Þeir sem fá ekki greiddar húsnæðisbætur eru undanskildir sjálfkrafa þar sem þeir eiga ekki rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi af þeim sökum. Í hópi þeirra sem sækja um sérstakan húsnæðisstuðning eru þeir undanskildir sem eru tekjulágir með háa leigu en uppfylla ekki skilyrði matskvarðans. Því gætu til dæmis einstæðar mæður sem uppfylla ekki skilyrði á matskvarða ekki fengið greiddar sérstakar húsnæðisbætur. Á tímabilinu fyrir árið 2023 voru greiddar sérstakar húsnæðisbætur fyrir 4.510 umsóknir og á tímabilinu janúar til október 2024 voru það 4.256 umsóknir. Þær umsóknir skiptast þannig að Konur eru 47% umsækjenda, karlar 44%, kynsegin 0,2% og hjón 9%.

Kyn

Á tímabilinu janúar 2023 til október 2024 voru 2.104 nýjar umsóknir sem voru metnar. Athuga skal að fleiri fengu greitt en þar sem ekki er þörf á að sækja um að nýju eftir að umsókn er samþykkt nema aðstæður breytist eða þegar um flutning er að ræða eru hér aðeins skoðaðar umsóknir sem metnar voru eða skráðar inn í málaskrá velferðarsviðs á tímabilinu. Í töflu 3 má sjá kynjaskiptingu umsókna á tímabilinu. Þar eru konur 55% og karlar 45% af umsækjendum.

Tafla 3. Skipting nýrra umsókna á árunum 2023-2024 eftir kyni

Kyn	Hlutfall	Fjöldi
Karl	45%	950
Kona	55%	1.150
Kynsegin	0%	4
Samtals	100%	2.104

Til þess að skoða betur hvernig matsviðmið hafa áhrif á ólíka hópa verða teknar þessar 2.104 umsóknir og skoðað hvaða hópar eru að uppfylla matskvarða og félagslegt mat, og hverjir ekki. Af 2.104 umsóknum voru 182 umsóknir ókláraðar þannig að ekki var fyllt inn í neitt mat. Fyrst verður heildar matið skoðað. Til þess að standast matsviðmiðið þarf að fá að lágmarki 6 stig. Á töflu 4 má sjá fjölda umsókna og þann stigafjölda sem þær fengu skipt eftir kynjum.

Tafla 4. Fjöldi umsókna eftir kyni og heildarstigafjölda á matskvarða

Stig	Karl		Kona		Kynsegin		Samtals	
	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)
0 stig	10	1%	17	1%	-	0%	27	1%
1 stig	20	2%	40	3%	-	0%	60	3%
2 stig	43	5%	107	9%	-	0%	150	7%
3 stig	17	2%	25	2%	-	0%	42	2%
4 stig	64	7%	86	7%	-	0%	150	7%
5 stig	18	2%	37	3%	-	0%	55	3%
6 stig	337	36%	384	33%	1	25%	722	34%
7 stig	194	20%	139	12%	1	25%	334	16%
8 stig	169	18%	210	18%	2	50%	381	18%
10 stig	-	0%	1	0%	-	0%	1	0%
Óútfyllt	77	8%	105	9%	-	0%	182	9%
Samtals	949	100%	1.151	100%	4	100%	2.104	100%

Konur eru með fleiri umsóknir en karlar en 27% þeirra uppfylltu ekki matskvarða samanborið við 18% karla. Allir kynsegin uppfylltu matskvarða samanborið við 81% karla og 73% kvenna. Karlar eru því líklegri en konur til þess að vera með nægilegan stigafjölda til þess að fá greiðslu.

Næst er skoðað stig fyrir félagslegt mat með sama hætti í töflu 5. Til þess að uppfylla skilyrði þarf hér að fá að lágmarki 2 stig. 8% karla uppfylla ekki félagslegt mat samanborið við 15% kvenna. 84% karla uppfylla skilyrði um félagslegt mat samanborið við 76% kvenna og 100% þeirra sem eru kynsegin.

Tafla 5. Fjöldi umsókna eftir kyni og stigafjölda fyrir félagslegt mat

Stig	Karl		Kona		Kynsegin		Samtals	
	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)
0 stig	74	8%	172	15%	-	0%	246	12%
2 stig	274	29%	314	27%	1	25%	589	28%
4 stig	524	55%	560	49%	3	75%	1.087	52%
Óútfyllt	77	8%	105	9%	-	0%	182	9%
Samtals	949	100%	1.151	100%	4	100%	2.104	100%

Hlutfallslega fleiri konur fá synjun en karlar vegna félagslegs mats og heildarstigafjölda á matskvarða. 246 umsóknum á tímabilinu var synjað og voru með minna en 2 stig í félagslegu mati en 398 umsóknir uppfylltu skilyrðin í matskvarða en var synjað af öðrum sökum. Þó ber að nefna að hægt er að uppfylla ekki skilyrði um félagslegt mat eða heildarmat og á sama tíma uppfylla ekki önnur skilyrði til dæmis tekju- eða eignamörk. 288 umsóknir á tímabilinu uppfylltu skilyrði um tekjur og eignir en fengu synjun á grundvelli matskvarða. Þar af eru 95 (32%) karlar og 193 (67%) konur. Alls voru 27% kvenna og 27% karla með tekjur yfir tekjumörkum og engin kynsegin. Þá voru 11% karla með tekjur yfir efri tekjumörkum og áttu þar af leiðandi engan rétt og 10% kvenna. Niðurstöður sýna að konur eru líklegri til þess að sækja um þrátt fyrir að ná ekki tilskyldum stigafjölda á matskvarða en sjá má í töflu 4 að 107 konur eru með 2 stig á matsviðmiði sem gefur til kynna að ekki sé um að ræða félagslegan vanda en þó íþyngjandi húsnæðiskostnað og bága fjárhagslega stöðu.

Ríkisfang

Til þess að meta enn frekar stöðu umsækjenda er matskvarðinn, kyn og þjóðerni skoðað. Umsækjendur voru samtals frá 70 löndum á tímabilinu og skiptast þau eins og sést í töflu 6. 63% umsækjenda voru með íslenskt ríkisfang og 37% með erlent ríkisfang.

Tafla 6. Þjóðerni umsækjenda eftir fjölda

Þjóðerni	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)
Afganistan	2%	38
Spánn	1%	20
Írak	1%	23
Íran	1%	19
Ísland	63%	1.320
Litháen	1%	23
Lettland	1%	14
Nígíría	1%	17
Pólland	5%	103
Palestína	4%	91
Portúgal	1%	14
Rúmenía	1%	28
Sómalía	1%	14
Sýrland	1%	31
Úkraína	8%	171
Venesúela	3%	73
Þýskaland	0%	7
54 önnur lönd með færri en 5 umsækjendur	5%	98
Samtals	100%	2.104

Næst er matskvarðinn skoðaður með tilliti til kyns og þjóðernis. 75% af þeim sem eru með íslenskt ríkisfang standast matskvarða samanborið við 57% þeirra sem eru með erlent ríkisfang. Eins standast þeir sem eru með íslenskt ríkisfang félagslegt mat í 82% umsókna en þeir sem eru með erlent ríkisfang í 74% umsókna. Íslenskar konur standast matskvarðann í 70% umsókna frá íslenskum konum samanborið við það að af umsóknum frá konum með erlent ríkisfang standast þær matskvarða í 54% tilvika. Íslenskir karlmenn standast matskvarðann í 81% tilvika samanborið við 61% erlendra karlmanna. Sjá má niðurstöður úr þessari greiningu á þjóðerni og kyni í töflum 7 og 8.

Tafla 7. Fjöldi umsókna eftir ríkisfangi, kyni og stigum á félagslegu mati

	Stenst félagslegt mat				Stenst ekki félagslegt mat			Samtals
	Karl	Kona	Kynsegin	Samtals	Karl	Kona	Samtals	Samtals
Íslenskt ríkisfang	525	563	3	1.091	72	163	229	1.320
Erlent ríkisfang	273	311	1	585	79	120	199	784
Samtals	798	874	4	1.676	151	283	428	2.104

Tafla 8. Fjöldi umsókna eftir ríkisfangi, kyni og stigum á matskvarða

	Stenst matskvarða				Stenst ekki matskvarða			Samtals
	Karl	Kona	Kynsegin	Samtals	Karl	Kona	Samtals	Samtals
Íslenskt ríkisfang	484	503	3	990	113	217	330	1.320
Erlent ríkisfang	216	231	1	448	136	200	336	784
Samtals	700	734	4	1.438	249	417	666	2.104

Miðað við niðurstöður sem birtar eru í töflum 7 og 8 má segja að þeir sem hafa íslenskt ríkisfang eru líklegri til þess að standast bæði félagslegt mat og matskvarða. Erlendar konur standast matskvarða sjaldnast og íslenskir karlmenn oftast. Einnig gæti það verið fráhrindandi fyrir erlenda ríkisborgara að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning þar sem þeir gætu hræðst að það hafi áhrif á umsókn þeirra um íslenskan ríkisborgararétt. Rétt er að taka fram að sérstakur húsnæðisstuðningur hefur ekki áhrif á umsóknir um ríkisborgararétt á Íslandi.

Aldur

Aldur umsækjenda virðist ekki hafa áhrif á niðurstöðu matsviðmiðs né félagslegt mats. Nokkuð jöfn dreifing er á þeim umsóknum sem standast mat eftir aldri. Fæstir sem standast mat eru á aldrinum 16-25 ára og 26-35 ára, en þar eru 64% umsókna sem standast mat. Flestir standast mat í elsta aldurshópnum, hann er einnig fámennastur. Dreifingin er á bilinu 64%-89% umsókna með elsta aldurshópnum en 64%-78% án hans. Sjá má þann fjölda sem standast og standast ekki matskvarða í töflu 9.

Tafla 9. Aldur umsækjenda eftir niðurstöðum matskvarða

Aldur	Stenst ekki matskvarða		Stenst matskvarða		Samtals
	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	
16-25 ára	36%	76	64%	134	210
26-35 ára	36%	221	64%	390	611
36-45 ára	32%	179	68%	374	553
46-55 ára	29%	101	71%	249	350
56-65 ára	22%	46	78%	167	213
66-75 ára	27%	29	73%	80	109
76-85 ára	27%	13	73%	36	49
86-96 ára	11%	1	89%	8	9
Samtals		666		1.438	

Enn fleiri standast félagslegt mat en matskvarða, en dreifingin er hér aftur nokkuð jöfn eftir aldurshópum. Í töflu 10 má sjá fjölda umsókna eftir aldurshópum flokkað eftir því hvort þau standist félagslegt mat eða ekki. Flestir standast félagslegt mat hlutfallslega í elsta aldurshópnum. Fæstir standast félagslegt mat í yngsta aldurshópnum eða 73%. Aðrir aldurshópar standast félagslegt mat í 78-85% umsókna.

Tafla 10. Aldur umsækjenda eftir niðurstöðum félagslegs mats

Aldur	Stenst ekki félagslegt mat		Stenst félagslegt mat		Samtals
	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	
16-25 ára	27%	56	73%	154	210
26-35 ára	22%	137	78%	474	611
36-45 ára	19%	106	81%	447	553
46-55 ára	18%	63	82%	287	350
56-65 ára	15%	32	85%	181	213
66-75 ára	21%	23	79%	86	109
76-85 ára	20%	10	80%	39	49
86-96 ára	11%	1	89%	8	9
Samtals		428		1.676	

Fjölskyldustaða

Umsóknir sem standast matskvarða eftir fjölskyldustöðu eru nokkuð jafnar. Einhleypir karlar standast matskvarða oftar en einhleypar konur, en 77% einhleyptra karla standast félagslega matið og 69% einhleyptra kvenna. Einhleypir feður standast matskvarða oftar en einhleypar mæður en þar er hlutfallið 68% feðra og 59% mæðra. Hjón eða sambýlisfólk án barna standast matskvarðann sjaldnast eða 56% umsókna, en flestir sem standast mat eru þeir sem eru kynsegin en allar umsóknir standast félagslega matið.

Tafla 11. Umsóknir eftir fjölskyldustöðu og matskvarða

Fjölskyldustaða	Stenst ekki matskvarða		Stenst matskvarða		Samtals
	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	
Einhleyp kona	31%	180	69%	400	580
Einhleyp móðir	41%	172	59%	252	424
Einhleyp foreldri kynsegin/annað	0%	0	100%	1	1
Einhleyp kynsegin/annað	0%	0	100%	3	3
Einhleypur faðir	32%	8	68%	17	25
Einhleypur karl	23%	168	77%	562	730
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	44%	46	56%	59	105
Hjón/sambýlisfólk með börn	39%	92	61%	144	236
Samtals		666		1.438	

Fæstir sem standast félagslegt mat eru hjón án barna eða 71%. Einhleypar konur standast félagslegt mat sjaldnar en karlar, en hlutfallið er þannig að þær standast félagslegt mat í 78% umsókna samanborið við 85% karla. Einhleypar mæður standast félagslegt mat í 75% umsókna samanborið við 84% einhleyptra karla. Þeir sem eru kynsegin standast félagslegt mat í 100% tilvika.

Tafla 12. Umsóknir eftir fjölskyldustöðu og félagslegu mati

Fjölskyldustaða	Stenst ekki félagslegt mat		Stenst félagslegt mat		Samtals
	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	
Einhleyp kona	22%	129	78%	451	580
Einhleyp móðir	25%	104	75%	320	424
Einhleyp foreldri kynsegin/annað	0%	0	100%	1	1
Einhleyp kynsegin/annað	0%	0	100%	3	3
Einhleypur faðir	16%	4	84%	21	25
Einhleypur karl	15%	107	85%	623	730
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	29%	30	71%	75	105
Hjón/sambýlisfólk með börn	23%	54	77%	182	236
Samtals		428		1676	

Það er ekki sjálfgefið að dreifing gæða sé með jöfnum hætti innan veggja heimilisins. Með því að skoða eingöngu áhrif á heimilin sem einingu er ekki tekið mið af valda- og verkaskiptingu innan heimilisins. Þegar skoðað eru fjölskyldur í heild þá er hætta á því að einstaklingar sem eiga tekjuhærri maka sem útilokar þær frá þjónustu eiga í miklum vanda þar sem þau eru ekki fjárhagslega sjálfstæð og gætu verið í ofbeldissambandi. Þegar gæðum heimilisins er ekki

skipt jafnt á milli aðila getur verið munur á valdastöðu einstaklinganna. Þá ber einnig að nefna að sambýlisfólk er ekki framfærsluskýlt.⁴

Atvinnustaða

Dreifing umsókna eftir atvinnustöðu er einnig nokkuð jöfn. Í hópnum „Annað“ eru flokkarnir, nemi, fangi, ekki þekkt, í fæðingarorlofi, látin(n/ð) og barn yngra en 18 ára. Samkvæmt matskvarða er efst skilyrði um stöðu þar sem umsækjandi þarf að fá að minnsta kosti 2 stig fyrir að vera öryrki, ellilífeyrisþegi eða vera með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fæstir sem standast matskvarða eru þeir sem eru í launaðri vinnu eða 42% og atvinnulausir 44%. Þetta er þó ekki óeðlilegt þar sem staða viðkomandi þarf að uppfylla skilyrði um stöðu á matsviðmiði og þá getur viðkomandi ekki verið að þiggja laun eða atvinnuleysisbætur. Þeir sem eru í flokknum „Annað“ uppfylla matsviðmið 42% tilvika en þeir eru einnig þeir sem klára umsóknir sínar sjaldnast og standast einnig ekki skilyrði um stöðu í matsviðmiði. Flestir fá samþykkt sem eru öryrkjar eða 89% og með endurhæfingarlífeyri eða 92%.

Tafla 13. Umsóknir eftir atvinnustöðu og matskvarða

Atvinnustaða	Stenst ekki matskvarða		Stenst matskvarða		Samtals
	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	
Öryrki	11%	50	89%	399	449
Atvinnuátaksverkefni	56%	5	44%	4	9
Atvinnulaus	38%	202	62%	330	532
Ellilífeyrisþegi	28%	27	72%	70	97
Sjúklingur	17%	73	83%	355	428
Með endurhæfingarlífeyri	8%	7	92%	82	89
Í launaðri vinnu	63%	143	37%	83	226
Annað	58%	159	42%	115	274
Samtals		666		1438	

Fleiri standast svo félagslega matið heldur en matsviðmiðið og þar eru 91% öryrkja sem standast félagslegt mat, og ellilífeyrisþegar 93%. Þeir sem að eru atvinnulausir standast félagslegt mat í 79% tilvika og þeir sem eru í launaðri vinnu standast félagslegt mat í 66% tilvika. Í flokknum „annað“ eru það 57% umsækjenda sem standast félagslegt mat. Ekki er talin vera nein mismunur á grundvelli atvinnustöðu en matsviðmiðið er nokkuð skýrt varðandi skilyrði umsækjenda í efstu grein matsviðmiðs um stöðu umsækjenda.

⁴ Himmelweit, S. (2018). Gender equality impact assessment: A core element of gender budgeting. Í A. O'Hagan og E. Klatzer (ritstj.), *Gender budgeting in Europe: Developments and challenges* (bls. 89–109). Cham, Switzerland: Palgrave Macmillan.

Tafla 14. Umsóknir eftir atvinnustöðu og félagslegu mati

Atvinnustaða	Stenst ekki félagslegt mat		Stenst félagslegt mat		Samtals
	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)	Fjöldi (n)	
Öryrki	9%	42	91%	407	449
Atvinnuátaksverkefni	22%	2	78%	7	9
Atvinnulaus	21%	111	79%	421	532
Ellilífeyrisþegi	22%	21	78%	76	97
Sjúklingur	12%	51	88%	377	428
Með endurhæfingarlífeyri	7%	6	93%	83	89
Í launaðri vinnu	34%	77	66%	149	226
Annað	43%	118	57%	156	274
Samtals		428		1676	

Möguleg útilokun á þjónustu

Félagslegt mat og matskvarði útilokar þó nokkra frá því að geta nýtt þjónustuna. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga ber sveitarfélögum skylda að veita sérstakan húsnæðisstuðning. Matskvarðinn og félagslega matið er í núverandi mynd tekið beint upp úr leiðbeinandi reglum ráðuneytis til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Þetta tryggir að ekki er veittur stuðningur til þeirra sem sveitarfélaginu ber ekki lagaleg skylda til þess að þjónusta með þessum hætti. Allir þeir sem fá sérstakan húsnæðisstuðning fá einnig húsnæðisbætur, en sérstakur húsnæðisstuðningur er aðeins hugsaður fyrir þá sem hafa það hvað verst. Matsviðmiðið hefur þó sína galla og útilokar líklega marga frá þjónustu. Sem dæmi þá fá um 8.000 – 8.500 manns greiddar húsnæðisbætur í Reykjavík mánaðarlega, en á tímabilinu janúar til nóvember 2024 hafa 3.565 manns fengið sérstakan húsnæðisstuðning mánaðarlega að meðaltali. Þrátt fyrir þennan mikla mun þá eru hlutlæg viðmið um tekjur þau sömu fyrir húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning að því frádregnu að sérstakur húsnæðisstuðningur er með lægri efri tekjumörk á ári þar sem réttur fellur niður. Einnig hafa húsnæðisbætur hærri eignamörk, en það eru færri en 1% umsækjenda um sérstakan húsnæðisstuðning sem fara yfir þau eignamörk sem eru í gildi hjá Reykjavíkurborg. Reglur Reykjavíkurborgar eru með skilyrði um það að greidd leiga með tilliti til húsnæðisbóta og sérstakra húsnæðisbóta verður að ná að lágmarki 50.000 kr. Það er því hægt að segja að mjög margir umsækjendur um húsnæðisbætur myndu uppfylla skilyrði fyrir umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning ef aðeins væri tekið tillit til hlutlægra eigna og tekjumarka. Aftur á móti yrði kostnaður fyrir borgina vegna sérstaks húsnæðisstuðning í því tilfelli líklega tvöfaldaður, en mikilvægt er að stýra opinberum húsnæðisstuðningi til þeirra sem mest þurfa á honum að halda.

Þeir hópar sem búa oft við þrönga stöðu á húsnæðismarkaði en eru ekki með félagslegan vanda og uppfylla því ekki skilyrði um sérstakan húsnæðisstuðning geta verið t.d. námsmenn, launafólk með lágar tekjur, erlendir ríkisborgarar sem ekki eiga rétt hjá Tryggingastofnun og flokkast þá ekki sem öryrkjar eða ellilífeyrisþegar þar sem réttur þar er mögulega ekki til staðar. Einnig þeir sem eru atvinnulausir eða einstæðir foreldrar í láglaunastörfum.

Ef fatlaðir einstaklingar sem eru ekki með rafræn skilríki sækja um sérstakan húsnæðisstuðning þá geta þau sótt um á pappír og fengið svarbréf sent inn á mínar síður á island.is eða fengið afrit af bréfi sent á pósthfang viðkomandi.

Niðurstöður könnunar Vörðu sem var lögð fyrir þau sem voru með örorku, endurhæfingarlífeyrisréttindi eða örorkustyrk hjá TR 1. október 2023 sýna að heilt yfir töldu tæplega helmingur þeirra sem svöruðu sig búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði, og var staðan verst meðal einhleypra foreldra en 60% þeirra töldu byrði húsnæðiskostnaðar þunga. Niðurstöður sýndu einnig að fólk á örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri eða örorkustyrk býr í mun meiri mæli við þunga byrði af húsnæðiskostnaði en launafólk.⁵

Áhrif á ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf

Þjónustan sem slík hefur ekki bein áhrif á ólaunuð heimilis og umönnunarstörf þar sem aðeins er um að ræða styrk í formi niðurgreiðslu á húsaleigu þeirra sem eru í bágrri félagslegri stöðu og eru á leigumarkaði.

Útilokun láglænaðra einstæðra foreldra sem ekki uppfylla skilyrðin í matskvarða hefur líklega ekki bein áhrif á ólaunuð störf heimavið en ef styrkurinn bærir til þeirra myndi það að öllum líkindum hafa jákvæð áhrif fyrir þá einstaklinga.

⁵ <https://www.obl.is/skyrslur-og-rannsóknir/stada-fatlads-folks-a-islandi-skyrsla-2023/>

Niðurstaða

Niðurstaða greiningar á útgjöldum velferðarsviðs í tengslum við matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning útfrá kyni og aldri notenda árið 2023 – 2024 með aðferðarfræði KFS er að mismunurinn er ekki til staðar. Þó virðist vera að konur sækja meira um aðstoð en standast ekki skilyrði, en aðrar skýringar liggja þar að baki en mismunurinn. Umhugsunarvert er að karlar eru ekki eins líklegir til þess að sækja um en fá þó oftast samþykktu umsókn þegar þeir sækja um. Munur á milli kynja og ríkisfangs er metinn marktækur en skýringar liggja þar að baki aðrar en mismunurinn. Því er um að ræða mun á umsóknum sem er talin vera eðlilegur.

Íslenski karlmenn virðast bíða eftir að vera komnir í meiri neyð en konur og sækja því seinna um og skýrir líklega hvers vegna þeir fá oftast samþykkt. Konur sækja oftast um án félagslegs vanda og fá því síður samþykkt. Erlendir ríkisborgarar eru ekki eins líklegir til þess að sækja um eða eiga rétt þar sem matsviðmið gerir kröfu um að þurfa að vera að fá annaðhvort greiðslur frá Tryggingastofnun eða frá félagsþjónustu. Þá er ólíklegt að erlendur ríkisborgari eigi rétt hjá TR og því nánast eini valmöguleiki hans að sækja um þegar hann er að þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu eða á í miklum félagslegum vanda. Einnig getur verið fráhrindandi fyrir þá að sækja um þar sem þeir gætu hræðst að það hefði áhrif á umsókn um ríkisborgararétt. Ef viðkomandi erlendur ríkisborgari er að þiggja fjárhagsaðstoð getur það haft áhrif á umsókn um ríkisborgararétt en umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning gerir það þó ekki. Því er hægt sé að segja að ekki sé um mismunurinn sé að ræða.

Skýringin á því að konur sækja frekar um en karlar gæti endurspeglað stöðu kvenna þar sem kynbundinn launamunur er til staðar og þær líklegri til þess vera einstæðar með börn á heimilinu og síður líklegri til þess að eiga húsnæði.

Gögnin benda til þess að karlar sækja sjaldnar um en konur en eru líklegri til þess að fá samþykktu umsókn. Þó er ekki mikill munur þar á. Einnig eru íslenskir ríkisborgarar líklegri til þess að fá samþykktu umsókn heldur en erlendir ríkisborgarar. Skýringin á því er líklega sú að þeir eru ólíklegri til þess að sækja um og eru ekki líklegir til þess að standast matskvarða t.d. vegna þess að þeir eiga ekki möguleika á því að uppfylla skilyrði um stöðu í matsviðmiði þar sem viðkomandi þarf að vera á fjárhagsaðstoð, öryrki eða ellilífeyrisþegi. Eftir fjölskyldustöðu voru hjón án barna ólíklegust til þess að standast matsviðmið í reglum um sérstakan húsnæðisstuðning og einhleypir karlar og einstæðir feður örlítið líklegri en einhleypar konur og einhleypar mæður til þess að uppfylla skilyrðin í matsviðmiði. Eftir atvinnustöðu eru flestir öryrkjar og ellilífeyrisþegar sem uppfylla matsviðmið og þeir eru fæstir sem eru í launaðri vinnu, atvinnulausir eða með stöðu sem flokkast undir annað t.d. nemandi og börn undir 18 ára.

Matsviðmiðin eru skýr og réttlát. Fleiri fá nægileg stig í félagslegu mati heldur en í matskvarðanum í heild sem bendir til þess að starfsfólk sem vinnur eftir matsviðmiði eru að meta stöðuna á sanngjarnan hátt. Niðurstaðan er því að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda stuðli að jafnrétti. Matsviðmiðið er lagt upp samkvæmt leiðbeinandi reglum. Félagslegt mat er sá hluti sem er huglægur og virðist ekki hafa úrslita áhrif á umsóknir heldur frekar hlutlægir liðir matsins svo sem tekjur, eignir, staða eða húsnæðiskostnaður. Niðurstaðan er því að raunveruleg staða umsækjanda án huglægs mats vegur þyngra og því minni líkur á mismunurinn.

Tafla 15. Niðurstöður

Upphæð	Fjöldi þjónustu-Karlar þega (%)	Konur (%)	Kyngreind gögn?	Gögn um jaðarsetta hópa?	Áhrif á ólaunaða vinnu?	Niðurstaða	
1.750 m.kr	4.256	45%	55%	Já	Já	Nei	Ekki mismunað.

Aðgerðir

Hvaða aðgerðir þyrfti að fara í til að stuðla að jafnrétti?

Tafla 16. Aðgerðir

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Samræma umsóknarferli þvert á miðstöðvar. Fyrsta snerting við umsækjendur er rafræn og samræmd. Síðan fer hún í vinnslu á miðstöð. Gæti aukið líkur á að fleiri sæki um og einfaldað ferli. Jafna þannig upplýsingagjöf óháð búsetu.	Færa afgreiðslu matskvarða á rafræna miðstöð.	Velferðarsvið	Fyrir árslok 2026
Rýmri reglur sem taka tillit til erlendra ríkisborgara án réttar hjá Tryggingastofnun. Þetta gæti þó átt heima hjá ráðuneyti þar sem lög um félagsþjónustu kveða ekki á um að sveitafélagi beri skylda til þess að þjónusta þann hóp.	Endurskoða matskvarða m.t.t. þess eða samráð við ráðuneyti.	Velferðarsvið	Fyrir árslok 2025

Eftirlit og mat á árangri

Tafla 17. Eftirlit og mat á árangri

Aðgerð	Mælikvarðar	Staða framkvæmdar	Ábyrgð	Eftirfylgni
Breyting á reglum	Reglugerð	Ekki hafið	Velferðarsvið	Velferðarsvið
Breyting á verklagi	Tilfærsla ábyrgðar	Ekki hafið	Velferðarsvið	Velferðarsvið

Heimildaskrá

Alþingi. (1991). *Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991*. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html>

Alþingi. (2016). *Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016*. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016075.html>

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. (e.d.). *Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is>

Tryggingastofnun ríkisins. (e.d.). *Réttindi einstaklinga með örorku og endurhæfingarlífeyri*. Sótt af <https://www.tr.is>

Varða – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins. (2023). *Könnun meðal örorkulífeyrisþega um húsnæðiskostnað*. Sótt af <https://www.varda.is>